



**Starfsár Leikdeildar Skallagríms**

**2023**

Árið hófst á því að vatnsrör sprungu í Lyngbrekku vegna mikils frostakafla, rétt fyrir þorablót. Það var rokið upp til handa og fóta og menn fengnir til að gera við. Þeir sem gerðu við voru Sigfús Helgi Guðjónsson á Skiphyl og Guðjón Guðlaugsson, faðir hans. Þegar því var lokið, náðist ekki kraftur á vatnið þannig að það þurfti að fá dælu og tengja hana niðri í kjallara til að ná upp krafti til að fá rennsli í wc og vaska. Það tókst loks og þorablótið var haldið með pompi og prakt. Það var auðvitað ekki á okkar vegum en við leigðum húsið út.

Leikdeildin barðist í bökkum og við höfðum ekki fjármagn til þess að setja upp leikrit. Við vorum að velta því fyrir okkur að hafa skemmtikvöld bæði snemma vors og síðla hausts en það varð ekkert af því. Þá er hægt að segja að það hafi ríkt stjórnarkreppa í leikdeildinni, því Halldór Hólm Kristjánsson formaður sem kosinn var í mars 2022 sagði af sér strax um haustið vegna tímaskorts og þá tók Gunnhildur Vala Valsdóttir við en um áramótin 2022-2023 sagði hún og ritari Arndís Finnbogadóttir líka af sér. Margrét Jóhannsdóttir meðstjórnandi og Margrét Birna Kolbrúnardóttir gjaldkeri, fengu deildina eiginlega í fangið og voru bara tvær starfandi fyrir utan að geta leitað til Hafsteins Þórissonar fyrrum formanns, en hann var jú búsettur á Tenerife, þar til á aðalfundi þann 17. apríl 2023. Þá gengu til liðs við okkur Bjarni Freyr Gunnarsson sem formaður, Ása Dóra Garðarsdóttir og Hákon Magnús Magnússon sem meðstjórnendur, Margrét Birna er áfram gjaldkeri og Margrét Jóhannsdóttir ritari.

Annar af tveimur viðburðum sem haldnir voru í Lyngbrekku á þessu ári voru tónleikar Bjartmars Guðlaugssonar sem haldnir voru þann 3. júní. Á tónleikana mættu milli 50 og 60 manns til að hlýða á Bjartmar, Hann var mjög ánægður með undirtektir og fannst frábært að syngja og spila í húsinu, líkti því við Græna hattinn á Akureyri.

Þá var Kvenfélag Álftaneshrepps með jólabingó þann 10. desember og þá var húsfyllir.

Haldið var áfram að koma upp myndum í kaffistofu og rætt var um framkvæmdir sem nauðsynlega þarf að gera. Við fengum tvo fundi með Guðna Rafni Ásgeirssyni hjá Borgarbyggð og Stefáni Brodda Guðjónssyni sveitarstjóra. Ákveðið var að slípa og lakka dansgólfið og var það gert í desember s.l. Þvílíkur munur. Einnig var sviðsgólfið þússað og við ætlum að mála það til að byrja með. Þá liggur fyrir að við fáum fleiri nýja rafmagnsöfna í húsið þar sem þeir gömlu eru orðnir hættulegir og nánast ónýtir enda um 60 ára gamlir. Þá hefur húsnefndin ráðgert að

breyta geymslukompu inn af anddyri í salerni fyrir fatlaða og aðstöðu fyrir skiptiborð, en jafnframt að hafa þar aðstöðu fyrir ræstingaáhöld. Þá er húsnefndin einnig búin að kaupa og setja upp brunavarnarkerfi í húsið. Þá verður hægt að leigja húsið út til gistingar fyrir ýmsa hópa og ættarmót.

Enn liggur fyrir töluverð málningarvinna. Við máluðum veggj á sviði og það þarf að mála kaffistofuna aftur og síðan skilrúm á salernum og fleira.

Við lentum aftur í stjórnarkreppu um áramót, því þá sagði Bjarni Freyr af sér vegna tímaskorts. Við höfum unnið saman stjórnin að þeim verkefnum sem hafa verið aðkallandi, aðallega þrifum á húsinu og ýmsu þess háttar. Við verðum að halda áfram að ditta að ýmsum atriðum í húsinu og bæta útlit. M.a. vonumst við til að geta málað niðri í kjallara í búningsherbergjum svo og fengið varanlegt gólfefni á stigann niður í búningsherbergi sem er orðinn stórhættulegur vegna skemmda.

Við óskum þess að heilum hug að geta haldið áfram skemmtilegu og gefandi starfi og stefnum að því að setja upp leikrit í feb -mars 2024.

F.h.Leikdeildar Skallagríms

Margrét Jóhannsdóttir, ritari og starfandi formaður

Ársreikningur 2023 (ósamþykktur)

Leikdeild Skallagríms

Kt. 590593-2579

## REKSTRARREIKNINGUR 2023

<b>Tekjur:</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Framlög og styrkir	2	-	806.510
Tekjur af útgáfustarfsemi	3	-	264.000
Tekjur af leiksýningum	4	-	1.382.112
Tekjur af Lyngbrekku (leigutekjur)	5	565.000	647.692
		<u>565.000</u>	<u>647.692</u>
	Tekjur alls	<b>565.000</b>	<b>3.100.314</b>
<b>Gjöld:</b>			
Húsnæðiskostnaður	6	864.991	1.164.746
Rekstur áhalda og tækja	7	32.249	165.413
Sölu- og stjórnunarkostnaður	8	103.546	191.602
Kostnaður við leiksýningar	9	-	1.865.815
		<u>1.000.786</u>	<u>3.387.576</u>
	Gjöld alls	<b>1.000.786</b>	<b>3.387.576</b>
		-	
<b>Hagn./tap fyrir fjármagnstekjur og gjöld</b>		<b>435.786</b>	- <b>287.262</b>
<b>Fjármagnstekjur og (gjöld):</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur		13.517	4.114
		-	
Vaxtagjöld og verðbætur		2.874	1.951
		<u>10.643</u>	<u>2.163</u>
		-	
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi		<b>414.500</b>	- <b>285.099</b>
		-	
Hagnaður (-tap) ársins		<b>414.500</b>	- <b>285.099</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 2023

	2023	2022
<b>Eignir:</b>		
<u>Veltufjármunir:</u>		
Skammtímakröfur		-
Handbært fé	562.315	752.123
Veltufjármunir alls	<u>562.315</u>	<u>752.123</u>
Eignir alls	<b>562.315</b>	<b>752.123</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Eigið fé:	562.315	752.123
Hagnaður (-tap) ársins	- 414.500	- 285.099
Eigið fé alls	<u>147.815</u>	<u>467.024</u>
<i>Skammtímaskuldir:</i>		
Skammtímaskuldir	-	-
Samtals	<u>-</u>	<u>-</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>147.815</u>	<u>467.024</u>
	<b>147.815</b>	<b>467.024</b>

Skýringar	2023	2022
<b>2. Framlög og styrkir</b>		
Framlag frá Bandal. ísl. leikfélaga		606.510
Styrkur frá Borgarbyggð		200.000
Aðrir styrkir		
	-	<b>806.510</b>
<b>3. Tekjur af útgáfustarfsemi</b>		
Leikskrá	-	264.000
	-	<b>264.000</b>
<b>4. Tekjur af leiksýningum</b>		
Aðgangseyrir	-	1.382.112
	-	<b>1.382.112</b>
<b>5. Leigutekjur af Lyngbrekku</b>	565.000	647.692
	<b>565.000</b>	<b>647.692</b>
<b>6. Húsnæðiskostnaður</b>		
Rafmagn	848.299	901.428
Viðhald húsnæðis	5.112	184.631
Ræsting og hreinlætisvörur	11.580	78.687
	<b>864.991</b>	<b>1.164.746</b>
<b>7. Rekstur áhalda og tækja</b>		
Gjaldfærð áhöld	7.660,00	142.251
Vátryggingar	24.589	22.962
	<b>32.249</b>	<b>165.213</b>
<b>8. Sölu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Sími og internet	98.306	155.792
Burðargjöld	4.350	6.096,00
Pappír, prentun og ritföng	890,00	29.714
	<b>103.546</b>	<b>191.602</b>
<b>9. Kostnaður við leiksýningar</b>		
Uppsetning leikrits og sýninga		624.306
Leikstjórakostnaður		921.695
Funda- og ferðakostnaður		
Árgjöld		44.950
Auglýsingar		49.104
Ýmis rekstrarkostnaður	-	225.760
	-	<b>1.865.815</b>
<b>10. Handbært fé</b>		
SPM 1705	150.079	155.807
SPM 551776	25.495	518.213

Arion 0326-22-1133	386.741	78.103
Sjóður		
Handbært fé alls	<b>562.315</b>	<b>752.123</b>